

Rangárþing bs
Rúnar Guðmundsson
Ormsvelli 1
860 Hvolsvöllur

Umhverfisstofnun
Áb. _____
16 maí 2011 10.4.2
Tilv. _____



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 11. maí 2011
Tilvísun: UST20110300080/vgh

Breyting á aðalskipulagi Rangárþings ytra 2010-2022, vegna færslu Búðarhálslínu

Vísað er til bréfs Rúnars Guðmundssonar skipulags- og byggingafulltrúa Rangárþings, dags. 15. mars s.l. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar vegna breytingu á aðalskipulagi Rangárþings ytra 2010-2022, vegna færslu Búðarhálslínu.

Breytingin tekur til færslu Búðarhálslínu 1 og nýs iðnaðarsvæðis fyrir tengivirki, þar sem Búðarhálslína 1 kemur að Hrauneyjafosslínu 1. Samsvarandi breyting er gerð á aðalskipulagi Ásahrepps 2010-2022 og gildandi deiliskipulagi fyrir Búðarhálsvirkjun og Búðarhálslínu 1 frá 2001. Skipulagsstofnun komst að þeirri niðurstöðu að breytingin hafi ekki í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og því séu hún ekki matskyld. Lega Búðarhálslínu hefur ekki áhrif á svæðisskipulag miðhálandisins. Helstu umhverfisáhrifin af framkvæmdinni verða sjónræns eðlis þ.e. þar sem lína kemur ofan af Búðarhálsi að núverandi háspennulínunum Hrauneyjarfosslínu 1 og Sigöldulínu 3. Mótvægisáðgerðir felast í því að samnýta vegi fyrir virkjun og háspennulínu og umhverfisáhrif þannig minnkuð.

Athugasemdir Umhverfisstofnunar

Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemdir við ofangreinda breytingu á aðalskipulagi Rangárþings ytra 2010-2022.

Virðingarfyllt

Hjalti J. Guðmundsson
sviðsstjóri

Vilborg G. Hansen
sérfræðingur